

## Matsblað

### Netöryggisstyrkur Eyvarar NCC-IS

#### Lágmarkskröfur til að umsókn fái fullt mat í fagráði

- Verkefnið er innan starfssviðs styrksins
- Umsókn stenst formkröfur styrksins sbr. Handbók Netöryggisstyrks
- Umsókn stenst lágmarkskröfur sbr. matsgildi hér fyrir neðan

Lokaeinkunn fagráðs er gefin í bókstöfum:

Einkunn	Skýringar
A1	Frábær umsókn, nánast án veikleika.
A2	Mjög sterk umsókn, minniháttar veikleikar.
A3	Sterk umsókn en minniháttar veikleikar.
B	Umsókn með einum eða fleirum takmarkandi veikleikum.
C	Ófullnægjandi umsókn, margir veikleikar.
X	Umsókn fellur ekki að áherslum styrksins.

Eftirfarandi vægi gildir fyrir matsþætti:

Matsgildi	
Áhrif	40%
Aukið vægi: Þjálfun starfsfólks	5%
Nýnæmi	20%
Gæði og hagkvæmni	20%
Verkefnisstjórn	10%
Samstarf	5%

Hér að neðan má sjá matsgildi fyrir umsóknir Netöryggisstyrks. Áhersla er lögð á að meta; áhrif afurðar, nýnæmi, gæði og hagkvæmni, verkefnisstjórn og samstarf í verkefninu.

## 1. Áhrif

### 1.1. Áhrif verkefnisins (umsókn þarf að ná að lágmarki „Takmörkuð áhrif“ til að standast mat).

Lítill áhrif		Takmörkuð áhrif		Mikil áhrif	
Markmið vegna áhrifa verkefnisins er óraunhæft, óljóst og/eða ólíklegt að það skili ávinningi.	Markmið vegna áhrifa verkefnisins er ábótavant og/eða litlar líkur á ávinningi.	Markmið vegna áhrifa verkefnisins er nokkuð raunhæft og skýrt en ávinningur fyrir netöryggi er takmarkaður.	Markmið vegna áhrifa verkefnisins er raunhæft og skýrt, og ávinningur fyrir netöryggi nokkur.	Markmið vegna áhrifa verkefnisins er raunhæft og skýrt, og afurð getur haft umtalsverðan ávinning fyrir netöryggi.	Markmið vegna áhrifa verkefnisins er mjög raunhæft og skýrt, og afurð getur haft mikinn ávinning fyrir netöryggi.

### 1.2 Aukið vægi 5%: Felur verkefnið í sér þjálfun starfsfólks í netöryggi?

## 2. Nýnæmi

Takmörkuð ný þekking		Ný þekking	
Verkefnið bætir engu eða að óverulegu leyti við núverandi þekkingu á sviði netöryggis	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar í netöryggi en hefur takmarkað hagnýtt gildi.	Verkefnið felur í sér þróun nýstárlegrar netöryggislausnar og eru nokkrar líkur á því að leiða til umbóta í tölvu- eða hugbúnaði.	Verkefnið felur í sér þróun nýstárlegrar netöryggislausnar og eru miklar líkur á því að leiða til umbóta í tölvu- eða hugbúnaði.

### 3. Gæði og hagkvæmni

#### 3.1. Gæði og hagkvæmni verkefnisins (umsókn þarf að ná að lágmarki „Takmarkað“ til að standast mat).

Lítið		Takmarkað		Mikið	
Gæði og hagkvæmni verkefnisins eru talin lítil. Verkefnið skapar lítil verðmæti fyrir hverja fjárfesta krónu.	Gæði og hagkvæmni verkefnisins eru talin frekar lítil. Verkefnið skapar ekki mikil verðmæti fyrir hverja fjárfesta krónu.	Gæði og hagkvæmni verkefnisins eru talin takmörkuð. Verkefnið skapar frekar takmörkuð verðmæti fyrir hverja fjárfesta krónu.	Gæði og hagkvæmni verkefnisins eru talin takmörkuð að einhverju leyti. Verkefnið skapar nokkur verðmæti fyrir hverja fjárfesta krónu.	Gæði og hagkvæmni verkefnisins eru talin mikil. Töluverð verðmæti skapast fyrir hverja fjárfesta krónu.	Gæði og hagkvæmni verkefnisins eru talin mjög mikil. Mikil verðmæti skapast fyrir hverja fjárfesta krónu.

### 4. Verkefnisstjórn og samstarf

#### 4.1. Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun (umsókn þarf að ná að lágmarki „Áætlun er frekar raunhæf“ til að standast mat)

Áætlun er óraunhæf		Áætlun er frekar raunhæf		Áætlun er raunhæf	
Mjög litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn skortir.	Litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni töluvert ábótavant.	Nokkrar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni nokkuð ábótavant.	Talsverðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn að mestu til staðar.	Góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar.	Mjög góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar.

#### 4.2. Samstarf í verkefninu

Óverulegt		Nokkurt		Mikið	
Samstarf er ekki til staðar.	Samstarf er til staðar en gildi þess fyrir verkefnið er óverulegt	Samstarf er til staðar og hefur að einhverju leyti gildi fyrir ávinningur samstarfsaðila er takmarkaður.	Samstarf er til staðar og ávinningur af samstarfi er líklegur til að vera nokkur fyrir þá aðila sem koma að samstarfinu.	Samstarf er til staðar og ávinningur af samstarfi er líklegur til að vera umtalsverður fyrir þá aðila sem koma að samstarfinu.	Samstarf er til staðar og ávinningur af samstarfi er líklegur til að vera mikill fyrir þá aðila sem koma að samstarfinu.